

Rangárþing eystra
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 29. ágúst 2019
UST201908-029/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Tillaga - Dalssel II - Rangárþing eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþing eystra er barst 6. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Dalssel II í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða deiliskipulagstillögu þriggja íbúðarlóða sem stofnaðar eru út úr bújörðinni Dalsseli 2. Lóðirnar eru allar um 2,7 ha og heimilt verður að byggja á hverri lóð eitt íbúðarhús, geymslu og gestahús að hámarki 600 m².

Tillagan

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Tjarnir og Tjarnes og er númer 719 sem aðrar náttúruminjar vegna gróðurs og dýralífs en svæðinu er lýst sem mólendi og votlendi með miklu fuglavarpi. Að mati Umhverfisstofnunar mun tillagan sem slík ekki hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins né á verndargildi náttúruminja, ef byggingar verða einungis einnar hæðar og falla vel að landslaginu. Hins vegar bendir Umhverfisstofnunin á að mikið fuglavarp er á svæðinu og þar er búsvæði skúms (*Catharacta skua*).

Í greinargerð kemur fram að ekki er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum varðandi hugsanlega minnkun á kjörlendi skúms vegna breytingar á landnotkun.

Umhverfisstofnun bendir á að skúmur er flokkaður sem tegund í bráðri hættu á nýjum valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) og er því mikilvægt að forðast allt rask á búsvæði hans (sjá <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>).

Umhverfisstofnun telur að tillagan sem slík muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, hins vegar telur stofnunin að með áframhaldandi röskun á búsvæðum fugla á svæðinu geti haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér til lengri tíma litið.

Sjálfbær þróun

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 7.5.7 gildandi aðalskipulags segir: „Stefna sveitarstjórnar er í samræmi og styður við markmið laganna (Skipulagslög nr 123/2010) um að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“ (bls. 130).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hafa ofangreinda stefnu að leiðarljósi við deiliskipulagsgerð og við framkvæmdir á verndarsvæðum dýra og náttúru.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur